

## Móttakandi: Persónuvernd

Frá: Íbúðaláanasjóði

Dags. 27. apríl 2018

Efni: Miðlun gagna frá Íbúðaláanasjóði

---

### I. Almennt

Þingfyrirspurn hefur verið beint að félags- og jafnréttismálaráðherra um sölu fullnustueigna Íbúðaláanasjóðs af hálfu þingmannsins Þorsteins Sæmundssonar. Um er að ræða eftirfarandi fyrirspurn:

1. *Hversu margar fullnustueignir seldi Íbúðaláanasjóður árlega 2008–2017, hvar voru þessar eignir og hvert var heildarsöluverð á hverju ári?*
2. *Hverjir voru kaupendur? Upplýsingar óskast um annars vegar einstaklinga og hins vegar fyrirtæki og eignarhald þeirra.*

Af því tilefni hefur félags- og jafnréttismálaráðuneytið óskað eftir frá Íbúðaláanasjóði (ÍLS) samantekt á ofangreindum upplýsingum er varða sölu fasteigna hjá sjóðnum á tilteknu tímabili. Starfsemi ÍLS heyrir undir framangreint ráðuneyti. Um er að ræða samantekt upplýsinga sem ætlað er að miðla frá ráðuneytinu til Alþingis.

Fyrir liggur að um er að ræða samantekt og miðlun upplýsinga sem varða fjárhagsmálefni einstaklinga, þ.e.a.s. upplýsingagjöf um að tiltekinn einstaklingur hafi keypt fasteign á ákveðnu verði af ÍLS. Auk þess sem óskað er eftir upplýsingum um eignarhald einstaklinga á fyrirtækjum (lögaðilum) sem hafa keypt fasteignir af ÍLS.

Af fyrirspurn þingsins leiðir að ekki er unnt að veita upplýsingarnar af hálfu ÍLS án vinnslu og miðlun persónuupplýsinga er varða stóran hóp einstaklinga. Ljóst er að upplýsingar þessar verða í opinni umræðu á Alþingi ef miðlun þeirra fer fram.

Hefur ÍLS líst þeirri afstöðu sinni að aflað verði álits Persónuverndar varðandi miðlun gagnanna.

### II. Lagaheimild fyrir miðlun persónuupplýsinga

Hér umrædd þingfyrirspurn byggir á lögbundnum upplýsingarétti alþingismanna um opinber málefni og upplýsingaskyldu ráðherra.

Um er að ræða almennar persónuupplýsingar er varða fjárhagsmálefni einstaklinga og eignarhald og hefur ÍLS í skoðun sinni á málínu litið til 1-7. tl. 8. gr. laga um meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 til grundvallar umbeðinni miðlun. Hefur í þeim efnum verið sérstaklega litið til þriðja töluliðar laganna.


Beinist fyrirspurn þessi að heimild ÍLS til miðlunar téðra persónuupplýsinga til ráðuneytis í þeim tilgangi að þær verði birtar opinberlega undir meðförum þingsins. Þar með hvort friðhelgi

einkalífs þar viðeigandi einstaklinga þurfi að víkja á grundvelli lagaskyldu ÍLS til upplýsingamiðlunar.

Verður ekki séð af hálfu ÍLS með óyggjandi hætti með hliðsjón af eðli og uppruna umbeðinna upplýsinga að slíkri miðlun verði fundin skýr stoð í lögum um persónuvernd nr. 77/2000.

Íbúðalánasjóður óskar hér með eftir því að Persónuvernd gefi álit sitt á ofangreindu.

Virðingarfyllst, f.h. Íbúðalánasjóðs,



Jón Ingi Þorvaldsson hdl.